

aðrir sökum hagnaðar, sem er ágirnd og auraþrá. Sára fáir lögðu stund á lærdóm sér eða öðrum til gagns og uppbyggingar. Námsstundirnar gengu í þrætur og kappræður, ekki einvörðungu um málefni eða flokkaskiftingu, heldur urðu og hin ýmsu þjóðareinkenni þeim til sundurlyndis haturs og óeiningar, svo að þeir hrópuðu hvorir aðra háði og svívirðu.

Þannig sögðu þeir Englendinga vera vínsvelgi og í tilbót væri þeir með rófu, sonu Frakklands hrokafulla, ómennilega og tilhaldssama sem konur, Þjóðverja ofstopamenn og siðleysingja að öllum mannfagnaði, Norðmenn hégómagjarna og sjálfhælna, Borgundi grófa og vitgranna, Langbarða ágjarna, grimma, en þó bláuða, Rómverja svikula, undirförla, bakmáluga, Flæmingja óstöðuga, eyðslusama, matgruga og lata.

Oft, þá þeir höfðu þannig munnhöggvist, lenti þeim saman í upphlaup og slagsmál.

Þetta er lýsingin, og þótt hún sé sett fram með töluverðri vandlætingasemi, þá var hún máské ekki svo fjarri sanni. Eitt er víst, að þeir menn, er ofar stóðu samtíð sinni, fundu til þess, hve þýðingarlítið skólanámið sýndist oft verða mörgum hverjum.

Það eru til sagnir frá þeim tíma um „disputaziur“ þær, er skólapiltar voru iðkaðir í, út á hvað þær gengu, o. s. frv. Sumar þær sagnir eru ekki óáþekkar lýsingu þeirri, er Holberg, skáld Dana, gefur af heimspekisdeild Kaupmannahafnar háskólans á 18. öld, í leikritinu „Rasmus Montanus“, þar sem Montanus lærir að sanna alla skapaða hluti, mögulega og ómögulega, með „Logik“. Og þegar hann kemur heim til foreldra sinna, harnast hann eins og vitskertur maður, að drífa alla, sem hann sér, út í deilur við sig, líkar og tíðkanlegar eru í skólanum, til þess að sýna þeim með því vísdóm sinn og þekkingu. Hann rekur föður sinn og móður í vörðurnar, og þau gráta undan honum út af því, að þau skuli ekki skilja vísdóminn, sem hann sé að fara með. Bændafólkið biður fyrir sér og krossar sig yfir þessu forundri vísindanna, er komið sé úr höfuðstaðnum „með höfuðið sprengfullt af viti“, og ætli að gera alla vitlausa.

Þannig er til saga um nemanda nýkominn heim frá París. Hann segir föður sínum, að hann geti sannað honum, að sex sé sama og tólf, og sýnir honum það með því að taka sex egg,